

Alþingi
Erindi nr. P 143/566
komudagur 6.12.2013

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis við Austurvöll
101 Reykjavík

Hornafirði, 6. desember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 (þingskjal 199 — 167. mál).

Náttúrustofa Suðausturlands telur ekki vera haldbær rök fyrir afturköllun laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarlög hvers tíma eru í eðli sínu lög sem takmarka ýmsar athafnir manna. Við gerð og framkvæmd þeirra togast á ólíkir hagsmunir annars vegar náttúrunnar og þeirra sem hana vilja vernda, m.a. með hliðsjón af langtímahagsmunum mannsins, og hins vegar þeirra sem hafa hag af ýmiss konar nýtingu. Í sumum tilfellum geta þessir aðilar náð ásættanlegu samkomulagi fyrir báða hópana en í öðrum tilfellum ekki. Nýju náttúruverndarlögin hafa þessa hugmyndafræði að leiðarljósi og með lagasetningunni hyllir undir innleiðingu mikilvægra meginreglna umhverfisréttar, þ.e. varúðarreglunnar og meginreglna um almenna aðgæsluskyldu, vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku, mat á heildarálagi og ábyrgð á kostnaði.

Lög nr. 60/2013 eru afrakstur umfangsmikils samráðs og fela í sér stórt skref fram á við fyrir náttúruvernd á Íslandi. Til að mynda fela lögin almennt í sér frjálsari för almennings um landið, ákvæði um net verndarsvæða og miklar framfarir í málefnum framandi og ágengra lífvera.

Samtök náttúrustofa, sem Náttúrustofa Suðausturlands á aðild að, skiluðu ítarlegri umsögn um lög 60/2013 um náttúruvernd í september 2012. Undirrituð tekur heils hugar undir þá umsögn.

Undirrituð telur það samræmast hagsmunum Íslendinga til lengri tíma að fresta ekki gildistöku laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst, f.h.Náttúrustofu Suðausturlands,

Kristín Hermannsdóttir

Kristín Hermannsdóttir, forstöðumaður